



# Reglur vegna styrkja frá Húnaþingi vestra til fjallskiladeilda til viðhalds girðinga, skála og styrkvega

## 1. Uppáskrift reikninga

Vegna athugasemda frá endurskoðanda verður að þrengja reglur varðandi uppáskrift reikninga. Formenn fjallskilastjórna mega ekki samþykkja reikninga frá tengdum aðilum í samræmi við vanhæfisreglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993:

### ■ 3. gr. Vanhæfisástaður.

Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

1. Ef hann er aðili máls, fyrirvarsmannur eða umboðsmaður aðila.
  2. Ef hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
  3. Ef hann tengist fyrirvarsmanni eða umboðsmanni aðila með þeim hætti sem segir í 2. tölul.
  4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsýsnar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.
  5. [Ef hann á sjálfur sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta, venslamenn hans skv. 2. tölul. eða sjálfseignarstofnun eða fyrirtæki í einkaeigu sem hann er í fyrirsvari fyrir. Sama á við ef næstu yfirmenn hans hjá hlutaðeigandi stjórnvaldi eiga sjálfir sérstakra og verulegra hagsmuna að gæta. Verði undirmaður vanhæfur til meðferðar máls verða næstu yfirmenn hans aftur á móti ekki vanhæfir til meðferðar þess af þeirri ástæðu einni.] <sup>1)</sup>
  6. Ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.
- Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur starfsmanns eða nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjórlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

Komi til vanhæfis skulu aðrir meðlimir í fjallskilastjórn samþykkja viðkomandi reikning.

Formaður sendir beiðni um samþykki áfram á næsta stjórnarmeðlim, sé hann vanhæfur sendir hann beiðni um samþykki áfram á næsta stjórnarmeðlim. Séu allir meðlimir fjallskilastjórnar vanhæfir skal sveitarstjóri skrifa upp á viðkomandi reikning.

## 2. Skil á reikningum

Öllum reikningum skal hafa verið skilað inn fyrir 31. október ár hvert. Reikningar sem berast eftir þann tíma verða ekki greiddir nema undir sérstökum kringumstæðum með samþykki landbúnaðarráðs. Formönnum er falið að tilkynna verktökum um þessa reglu.

## 3. Texti reikninga

Texti reikninga skal vera lýsandi fyrir verkið. Fram skal koma dagsetning verks, hvar það fór fram, hve langan tíma það tók, þau tæki sem notuð voru ásamt einingaverði.

#### **4. Úttektir í KVH**

Fjallskiladeildir fá tímabundnar úttektarheimildir í KVH frá 15. apríl – 31. október ár hvert.

#### **5. Efniskaup**

Efniskaup skulu vera vegna líðandi árs.

#### **6. Val verktaka**

Fjallskiladeildir skulu gæta jafnræðis við val á verktökum og gera verðkönnun þegar um stærri verk er að ræða.

#### **7. Greiðsla nefndarlauna**

Nefndarlaun til fjallskilastjórna eru aðeins greidd hafi fundargerðum verið skilað í Ráðhús til birtingar og varðveislu. Fundargerðum skal skilað eigi síðar en 15. maí fyrir fyrri árshelming og 15. desember fyrir síðara tímabil ársins líkt og fram kemur í erindisbréfi fjallskiladeilda. Þar segir jafnframt: „Fjallskilastjórnir skulu funda að lágmarki einu sinni á ári og að hámarki fimm sinnum nema sérstakar aðstæður krefjist og skal þá sótt um fjárframlag vegna fundakostnaðar til byggðarráðs.”

Samþykkt á 198. fundi landbúnaðarráðs þann 1. febrúar 2023

Staðfest á 364. fundi sveitarstjórnar þann 9. febrúar 2023